

auglýsta hámarksverð, er ógerningur að ákveða. Hins vegar liggja fyrir skýrslur kærða um veitingasölu hans mánuðina apríl til ágúst s. l. að báðum meðtöldum. Er skattskyld veitingasala hans á þessum tíma kr. 277374.08. Í aprilmánuði er hún kr. 90899.95. Verðlagsákvæðin um greiðasölu gengu í gildi frá og með 8. apríl s. l., og koma því eigi hér til álita veitingar seldar fyrir þann dag. Sé gert ráð fyrir jafnri sölu á dag, verður hin skattskylda sala í apríl, sem hér kemur til álita, kr. 69689.95. Verður því skattskyld veitingasala kærða frá og með 8. apríl s. l. til ágústloka kr. 256164.08. Af þeirri upphæð eru hin margnefndu 10% kr. 23287.68. Samkvæmt framanskráðum málavöxtum og samkvæmt 3. tölulið 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 þykir rétt að gera þessa upphæð, kr. 23287.68, upptæka rikissjóði til handa sem ólöglegan ágóða.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrl. Jóns Ásbjörnssonar, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Jóhannes Jósefsson, greiði 8000 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 100 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 23287.68, skal upptækur rikissjóði til handa, og greiði kærði hann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar sem talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. nóvember 1944.

Nr. 99/1944. Valdstjórnin (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Cornelis Peiter Aland (Eggert Claessen).

Ólögleg veiði togaraskipstjóra í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík markað á uppdrátt stað þann, er togari kærða var tekinn á 6. júní s. l., og reyndist staðurinn vera 1,1 sjómílu innan landhelgilínu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 600 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Cornelis Peiter Aland, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Eggerts Claessens, kr. 600 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 7. júní 1944.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Cornelis Peiter Aland, skipstjóra á togaranum Utrecht 303 frá Ymuiden, fyrir brot gegn ákvæðum laga 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Eru málavextir þeir, er nú skal greina og sannaðir eru með skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni og eigin játningu kærða.

Þriðjudaginn 6. þ. m., kl. 18,52, var hinn kærði skipstjóri, Cornelis Peiter Aland, að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó í Meðallandsbugt, er varðskipið Óðinn kom að honum, á skipi sínu Utrecht 303, frá Ymuiden. Var kallað til skipstjórans á togaranum frá varðskipinu og togaraskipstjóranum tilkynnt, að hann væri að veiðum í landhelgi og skipað að vinda upp vörpu sína og nema staðar, og gerði hann það.

Kl. 19.02 sama dag, um leið og vörpuhlerarnir komu úr sjó, var sett út boja við hlið togarans í ca. 20 metra fjarlægð frá honum og dýpi mælt 73 metrar.

Lagzt var síðan við hlið togarans, og skipstjóri hans og stýrimaður komu um borð í varðskipið. Var skipstjóra togarans bent á, að hann hefði gerzt sekur um landhelgibrot, og jafnframt tjáð, að nákvæmar staðarákvarðanir yrðu gerðar, þegar létti til, en þar til beðið við duflíð. Veðri var svo háttað, að skúraleiðingar gengu yfir.

Kl. 19,40, er létti nokkuð til, sást vel Kálfafellsmelamerki og Máfabótarmerki. Kálfafellsmelamerki miðaðist í réttvisandi 29° og Máfabótarmerki réttvisandi 269°. Dýpi 73 metrar. Þessar staðarákvarðanir, er varðskipið framkvæmdi og lýst er hér að framan, sýndu stað skipsins og bojunnar 1,2 sjómilur innan við landhelgílinuna.

Skipstjóri togarans og stýrimaður, er viðstaddir voru, er þessar staðarákvarðanir og miðanir voru gerðar, samþykktu þær, sbr. skýrsluna.

Staðurinn, þar sem togarinn Utrecht var staddur, er hann var tekinn af varðskipinu 6. þ. m., var færður út af skipstjóra varðsupsins á sjókort, er lagt var fram hér í réttinum, og kom með öllu heim við staðarákvarðanir þær, er að framan er lýst, og viðurkenndi kærður þær vera með öllu réttar sem og skýrslu skipherrans á varðskipinu í heild og játaði, að hann hefði verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á umræddum tíma og stað. Hins vegar segist kærði ekki hafa vitað um það, að hann var að fiski í landhelgi, með því að dimmt var yfir, fyrr en varðskipið kom til hans.

Samkvæmt því er að ofan segir, er það sannað í málinu með framburði varðsupsforingjans og eigin játningu kærða, að hann hefur verið að botnvörpuveiðum í landhelgi, og hefur hann þar með gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Kærði er fæddur 9. okt. 1901 og hefur ekki, svo kunnugt sé, verið refsað fyrir sams konar brot, og þykir refsing hans með tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot að ræða, hæfilega ákveðin samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920 29500 króna sekt í landhelgisjóð Íslands með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er það í dag, að krónan jafngildir 33,90 aukum gulls.

Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærði 7 mánaða varðhaldi.

Auk þess skulu allur afli innanborðs í nefndum togara Utrecht og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vera upptæk og andvirðið renna í landhelgisjóð.

Svo greiði kærður allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Cornelis Peiter Aland, greiði 29500 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í tog-aranum Utrecht 303 frá Ymuiden, skal vera upptækt, og renni andvirðið í landhelgisjóð Íslands.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. nóvember 1944.

Nr. 15/1944. **Ólafur Hermannsson** (Egill Sigurgeirsson)
gegn

H/f Shell á Íslandi (Jón Ásbjörnsson).

Ítakseiganda dæmt óheimilt að leyfa öðrum aðilja not itaksréttindanna við hlið sér.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. febr. þ. á., hefur krafizt þess *aðallega*, að viðurkennt verði með dómi, að stefndi hafi brotið svo ákvæði samnings 12. júlí 1928 með afhendingu þargreindra réttinda til Olíuverzlunar Íslands h/f, að hann hafi þar með fyrirgert þeim, en *til vara*, að stefnda verði með dómi óheimilað að framselja öðrum almennt eða af hluta réttindi sín samkvæmt áðurgreindum samningi og að framsal það til Olíuverzlunar Íslands h/f, er í héraðsdómi getur, verði því metið ógilt gagnvart stefnanda. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hafði að visu rétt til að framselja réttindi sín samkvæmt samningnum 28. júlí 1928, en þar af leiðir ekki, að